

Stjórn samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra leggur fram eftirfarandi umsögn við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030. Umsögnin er lögð fram með hagsmuni sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að leiðarljósi.

Fjármálaáætlunin byggir á því að ríkisútgjöld vaxi hægar á næstu árum. Þó það sé skiljanlegt markmið í ljósi skuldastöðu ríkisins, getur slík stefna haft ófyrirséðar og óæskilegar afleiðingar fyrir landsbyggðina ef ekki er gripið til mótvægisáðgerða. Sérstaklega vill stjórn SSNV vekja athygli á eftirfarandi:

Óvissa skapast um framkvæmdir í samgöngum, þar sem viðhalds- og framkvæmdafé fer oft í verkefni á fjölmennari svæðum. Vegakerfi Norðurlands vestra er afar dapurt en tæp 50% vega á svæðinu eru malarvegir. Þetta dregur úr möguleikum Norðurlands vestra til að bæta vegi, auka öryggi og stytta ferðatíma milli byggðarlaga.

Fjármögnun sveitarfélaga stendur í stað á sama tíma og útgjöld þeirra aukast, meðal annars vegna fólksfjölgunar í sumum sveitarfélögum og flutnings verkefna frá ríki. Ef framlög til Jöfnunarsjóðs aukast ekki í takti við þarfir, kemur það til með að bitna á grunnþjónustu.

Hagvöxtur og íbúáþróun hafa verið langt undir meðaltali á svæðinu ef miðað er við landið allt. Atvinnuþróun og nýsköpun á landsbyggðinni verða undir, ef ekki er markvisst tryggt að aukin framlög til nýsköpunar og rannsókna skili sér á svæði utan höfuðborgarsvæðisins.

Óbeinn þrýstingur getur orðið á að færa þjónustu til stærri svæða, t.d. á sviði heilbrigðis, menntunar eða stjórnsýslu, undir formerkjum hagræðingar. Slíkt getur grafið undan þjónustu við íbúa í dreifðum byggðum og dregið úr hvata til búsetu.

Stjórn SSNV leggur ríka áherslu á að fjármálaáætlunin taki skýrt mið af byggðasjónarmiðum. Nauðsynlegt er að tryggja að ráðstöfun fjármuna í samgöngur, nýsköpun, opinberri þjónustu og stuðningi við sveitarfélög taki mið af ólíkum aðstæðum milli landshluta. Slíkt er lykillinn að jafnvægi í búsetu, atvinnulífi og framtíðarmöguleikum íbúa í öllum landshlutum.

f.h. Stjórnar SSNV



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Framkvæmdastjóri SSNV